# FRÉTTABLAÐIÐ

98. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 27. APRÍL 2020




**Í blíðviðrinu um helgina var iðandi mannlíf hvert sem litið var á láði og legi. Hópur vel klæddra veiðimanna dundaði sér við veiðar í Vífilsstaðavatni og mátti heyra smellina óma um vatnið þegar línunni var kastað út. Engar sögur fara af aflabrögðum hópsins en miðað við atganginn hefur fiskurinn í vatninu varla átt mikla möguleika.** FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON BRINK

# Velta kvikmyndageirans 27 milljarðar

## Útflutningstekjur kvikmyndageirans voru mun hærri en framlag ríkisins til greinarinnar.

**KVIKMYNDIR** Útflutningstekjur kvikmynda- og sjónvarpsgeirans á tímabilinu 2014-2018 voru 15,1 milljarður króna. Á sama tíma var framlag ríkisins til Kvikmyndasjóðs og í formi endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar samanlagt um 9,9 milljarðar. Greinin veltir að meðaltali rúmlega 27 milljörðum á ári. Þetta kemur fram í tölum Hagstofunnar sem teknar voru út fyrir Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK).

„Hluti af þessu var eitthvað sem við vissum fyrir, en það kom okkur á óvart hversu háar útflutningstekjurnar voru," segir Hilmar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Sagafilm og fyrrverandi formaður SÍK. „Greinin er að skila til baka umtalsvert meiru en samanlagt framlag í þessum sjóði, bara í útflutningstekjum."

Þá sýna tölur Hagstofunnar að 1.806 manns hafi að meðaltali verið starfandi við sjónvarps- og kvikmyndaiðnað á tímabilinu. Þar af voru 1.189 launþegar og 618 sjálfstætt starfandi.



**Hilmar Sigurðsson, framkvæmdastjóri SagaFilm.**

„Þetta er aðeins meira en það sem við höfum venjulega talað um sem er frábært," segir Hilmar og bendir einnig á önnur störf sem skapist. „Hagfræðistofnun HÍ áætlaði árið 2006 að fyrir hvert starf í kvikmyndagerð myndist 1,9 annað starf. Að því gefnu má áætla að iðnaðurinn skapi rúm 3.400 önnur störf sé litið til meðaltals áranna 2014-2019."

Hilmar segir að áhrif kvikmyndaiðnaðarins séu víðtækari en margir geri sér grein fyrir.

„Könnun Ferðamálaráðs í fyrra sýndi að kvikmyndir, bæði íslenskar og erlendar, lægju að baki 20 prósentum hugmynda að Íslandsferðum hjá erlendum ferðamönnum. Svo eru auðvitað kaup á hótelgistingum, veitingum og bílaleigubílum tengd tökum hérlendis. Þessir hlutir hafa ansi mikil áhrif."

Að mati Hilmars ættu næstu skref ríkisins að beinast að núverandi ástandi. „Það er lítið um að vera í kvikmyndageiranum um þessar mundir vegna COVID-19," segir hann. SÍK hefur stungið upp á að hækka endurgreiðsluna tímabundið, upp í 35 prósent úr 25, svo hægt sé að koma iðnaðinum fljótt á aftur á fætur þegar faraldrinum lýkur.

„Ef engin verkefni skapast verða engin útgjöld en þá verður að sjálfsögðu engin endurgreiðsla heldur," segir Hilmar. „Að því leyti yrði það tiltölulega sársaukalaus aðgerð, en eins og sést á þessum tölum þá greiðir greinin þetta margfalt aftur inn í þjóðfélagið."

**arnartomas@frettabladid.is**

## Lokun spilakassa gefur góða raun

**SAMFÉLAG** Eigandi verktakafyrirtækis segir að lokun spilakassasala undanfarinn mánuð hafi verið bylting fyrir hluta starfsmanna fyrirtækisins. Hjá honum starfa tveir einstaklingar frá Litháen sem glíma við spilafíkn og tapa þeir stórum hluta launa sinna í kössunum. Afleiðing af því er síðan misnotkun á áfengi til að deyfa sársaukann.

„Þetta skapar vítahring og og þessi barátta þeirra hefur mikil áhrif á þá í vinnunni," segir Árni B. Halldórsson, eigandi Járnborgar ehf. Hann segir það sorglega staðreynd að ekkert meðferðarúrræði er til fyrir spilafíkla hérlendis sem ekki hafa náð tökum á íslensku. „Það er mikill galli. Þessir einstaklingar vilja hjálp en geta hvergi leitað sér aðstoðar."

**– bþ / sjá síðu 2**




HAFÐU SAMBAND 511 5008

Átt þú rétt á slysabótum?

Við hjálpum þér að leita réttar þíns

TORT

INNHEIMTA SLYSABÓTA


## Fagnar álitinu um jarðstreng

**ORKUMÁL** Skipulagsstofnun mælir með því að Suðurnesjalína 2 verði lögð í jarðstreng milli Hafnarfjarðar og Grindavíkur, alls 32 kílómetra. Sú lausn sé best til þess fallin að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar. Landsnet vildi fara ódýrari leið sem felst í loftlínu að stærstum hluta. Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri sveitarfélagsins Voga, er ánægður með niðurstöðuna.

„Það er fagnaðarefni að þetta álit er komið fram. Þetta er í samræmi við tilmæli sveitarstjórnar Voga. Við búum við skert afhendingaröryggi og það er grundvallaratriði að bæta það. Það er bara ein lína sem liggur inn á svæðið, sem er Suðurnesjalína 1, og hún er komin til ára sinna," segir bæjarstjórinn. **– sa / sjá síðu 4**

## Veður



Áfram hægur vindur í dag. Léttskýjað um landið norðan- og austanvert. Skýjað með köflum á Suður- og Vesturlandi og dálítlir skúrir á stöku stað. Hiti víða 5 til 10 stig að deginum. SJÁ SÍÐU 12



**Forsetahjónin, Eliza Reid og Guðni Th. Jóhannesson, létu ekki sitt eftir liggja.**

# Sóðarnir munu hugsa sinn gang

**SAMFÉLAG** Stóri plokkdagurinn fór fram um helgina og hafa aldrei fleiri tekið þátt. „Þessi mikla og leyfi ég mér að segja, landlæga þátttaka, var afar ánægjuleg. Þar spilaði náttúrulega margt inn í. Þátttaka forsetahjónanna og umhverfisráðherra var mjög kærkomin og síðan skemmdi þetta dásamlega veður ekki fyrir. Ég held að ég sé búinn að sjá mynd eða myndir frá hverju einasta sveitarfélagi landsins þar sem einstaklingar og hópar voru að plokka rusl,“ segir Einar Bárðarson, einn af skipuleggjendum framtaksins. Hann segist skjóta á að plokkarar hafi safnað saman tugum tonna af rusli úr náttúrunni.

Einar segir átaksdag sem þennan afar mikilvægan. „Svona dagur hefur víðtæk áhrif. Það eru margir sem nýta tækifærið og plokka í fyrsta skipti. Þá held ég að þeir sem fari stundum út að plokka muni fara oftar eftir hafa upplifað svona dag og hvatninguna sem honum fylgir,“ segir Einar. Þá sé ekki síður líklegt að sóðarnir hugsi sinn gang.

„Það að þessi dagur fái umfjöllun í fjölmiðlum og fólk sjái vini og vandamenn vera úti að plokka rusl mun örugglega koma í einhverjum tilvikum í veg fyrir sóðaskap,“ segir Einar.

Hann segir að plokkið sé líklega óumdeildasta umhverfisvernd sem til er. „Fólk getur rifist um rammaáætlanir og virkjanir en við erum öll sammála um að við viljum ekki rusl á víðavangi,“ segir Einar. **– bþ**

## Ljúfir geislar sólarinnar




**Veðrið á höfuðborgarsvæðinu var afar gott um helgina og var greinilegt að þeirri ákvörðun veðurguðanna var tekið fagnandi. Þessir slökkviliðsmenn á vakt nutu blíðunnar við bráðabirgðahúsnæði Slökkviliðs höfuðborgarsvæðis úti á Granda þegar ljósmyndari átti leið hjá.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Aðeins tvö ný smit greind í gær

**COVID-19** Tveir einstaklingar greindust með COVID-19 smit hér á landi í gær. Virk smit eru nú 174 talsins og hafa ekki verið jafn fá síðan 14. mars síðastliðinn. Heildarfjöldi staðfestra smita á landinu er nú orðinn 1.792. Af þeim hafa 1.608 einstaklingar náð fullum bata.

Þá eru þrettán manns á sjúkrahúsi og þar af þrír á gjörgæslu. Aðeins tveir notast nú við öndunarvél á Landspítalanum en alls hafa 15 manns þurft á slíkum búnaði að halda.

Mjög hefur hægst á útbreiðslu faraldursins hér á landi og sóttvarnayfirvöld hafa þó hvatt fólk ítrekað til að halda áfram að fara varlega.

Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir, sagði sérstaklega ánægjulegt að engin ný smit hefðu greinst á Vestfjörðum, í Vestmannaeyjum og á Hvammstanga síðustu sólarhringa. **– kdi**

# Segir jákvæð áhrif af lokun spilakassanna

**Ein afleiðing samkomubannsins er sú staðreynd að spilakassasalir hafa verið lokaðir í rúman mánuð. Eigandi verktakafyrirtækis segir að hluti erlendra starfsmanna sinna sé loks frjáls undan oki spilafíknarinnar og þeim líði betur.**

**SAMFÉLAG** Árni B. Halldórsson á og rekur járnaverksmiðjuna Járnborg ehf. Hann er með um annan tug starfsmanna í vinnu hjá sér og eru margir þeirra af erlendu bergi brotnir. Hann segir að spilafíkn hafi valdið margvíslegum vandamálum í rekstri fyrirtækisins.

„Þetta er skelfilegur sjúkdómur sem rústar lífi fólks. Í dag eru hjá mér tveir starfsmenn, báðir frá Litháen, sem eru að glíma við mikla erfiðleika vegna spilafíknarinnar. Þeir eru alltaf að biðja um fyrirframgreiðslu launa og maður veit að þetta fer beint í kassana í flestum tilvikum,“ segir Árni.

Hann segist ekki útiloka að erlendir verkamenn, sem hafa lítið félagslegt net hér á landi, séu líklegri til þess að falla fyrir freistingum spilakassanna.

Að sögn Árna er skömm þessara einstaklinga mikil og eftir að hafa spilað allt frá sér þá leiti þeir leiða til að deyfa sig. „Þetta eru klárir drengir og þegar þeir ranka við sér auralausir þá tekur mikil vanlíðan við. Þá leita þeir iðulega í áfengið til þess að drekka sársaukann frá sér. Þetta skapar vítahring og og þessi barátta þeirra hefur mikil áhrif á þá í vinnunni,“ segir Árni.

Hann segir það sorglega staðreynd að ekkert meðferðarúrræði er til fyrir spilafíkla hérlendis sem ekki hafa náð tökum á íslensku. „Það er mikill galli. Þessir einstaklingar vilja hjálp en geta hvergi leitað sér aðstoðar.“

Ein dulin afleiðing kórónaveirufaraldursins hefur verið sú að í rúman mánuð hafa spilakassasalir verið lokaðir. Aðgengi er ekki lengur til staðar og Árni segir að um byltingu hafi verið að ræða fyrir starfsmenn sína sem glíma við spilavanda.

„Það hefur verið ótrúleg að fylgjast með þessari breytingu. Öll símtöl eða skilaboð um að fá fyrirframgreidd laun eru hreinlega hætt og þessir aðilar eru sennilega að fá sína hæstu launaútborgun síðan þeir byrjuðu að vinna fyrir mig um næstu mánaðamót,“ segir Árni.

Breytingin sé ekki síst sýnileg á andlegri líðan starfsmanna hans. „Þeir eru bara frjálsir undan þessu oki. Þeir mæta mun betur til vinnu og eru miklu kátari og betri starfsmenn fyrir vikið. Þetta er eiginlega ótrúlegur viðsnúningur,“ segir Árni. Hann segist ala þá von í brjósti að knúið verði á um breytingar á löggjöfinni um rekstur slíkra spilakassa. **bjornth@frettabladid.is**



**Lokun spilakassanna hefur óvænt haft afar jákvæð áhrif á starfsmenn Járnborgar ehf. sem glíma við afleiðingar spilafíknar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Þeir mæta mun betur til vinnu og eru miklu kátari og betri starfsmenn fyrir vikið.**
>
> Árni B. Halldórsson, eigandi Járnborgar ehf.



# MAGNAÐUR LESTUR!




**Afnám haftanna**
Verð: 3.999.-

**Sérlega áhugaverð frásögn af því hvað gerðist á bak við tjöldin við gerð nauðasamninganna við kröfuhafa föllnu bankanna. Veruleikinn er oft lygilegri en nokkur skáldskapur!**

**FRÍ HEIMSENDING TIL EINSTAKLINGA EF PANTAÐ ER FYRIR 5.000 kr. EÐA MEIRA Á WWW.PENNINN.IS***

Framúrskarandi fyrirtæki 2019

Café
AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

*Gildir ekki um húsgögn

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Gildistími tilboðsverða er til og með 27. apríl, eða meðan birgðir endast.

# Bæjarstjóri Voga fagnar áliti um Suðurnesjalínu 2 í jörðu

**Skipulagsstofnun mælir með því að Suðurnesjalína 2 verið lögð í jarðstreng milli Hafnarfjarðar og Grindavíkur, alls 32 kílómetra. Landsnet vill fara ódýrari kost sem felst í loftlínu að stærstum hluta.**

**SKIPULAGSMÁL** „Það er fagnaðarefni að þetta álit er komið fram. Þetta er í samræmi við tilmæli sveitarstjórnar Voga,“ segir Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri sveitarfélagsins Voga, um álit Skipulagsstofnunar á umhverfismati Suðurnesjalínu 2.

Niðurstaða álits Skipulagsstofnunar er að lagning línunnar í tæplega 32 kílómetra jarðstreng meðfram Reykjanesbraut sé best til þess fallin að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar. Landsnet hefur hins vegar viljað loftlínu með stuttum jarðstrengsköflum.

Landsnet hefur lengi unnið að undirbúningi Suðurnesjalínu 2 en markmiðið er að bæta afhendingaröryggi á Suðurnesjum.

„Við búum við skert afhendingaröryggi og það er grundvallaratriði að bæta það. Það er bara ein lína sem liggur inn á svæðið sem er Suðurnesjalína 1 og hún er komin til ára sinna. Notkunin vex mikið og eftirspurn eftir meira rafmagni hefur verið stöðug,“ segir Ásgeir.

Lítið megi út af bera svo svæðið verði ekki berskjaldað fyrir truflunum. Í því samhengi minnir hann á að fyrir nokkrum árum hafi bárujárnsplata fokið á línuna og rafmagn farið af Suðurnesjum í tvo til þrjá tíma.

Suðurnesjalína 2 á að liggja milli tengivirkis í Hamranesi í Hafnarfirði og tengivirkis á Rauðamel í Grindavík. Í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum voru sex mismunandi leiðir metnar.

Stofnkostnaðurinn við valkostinn sem Landsnet vill fara er áætlaður rúmir 2,3 milljarðar króna en tæpir 4,4 milljarðar við jarðstrengsleiðina. Í áliti Skipulagsstofnunar segir að ekki sé nægilegt að horfa eingöngu á kostnað við mismunandi útfærslur. Hafa þurfi í huga mismunandi möguleika og takmarkanir á annarri landnýtingu og þróun byggðar og atvinnulífs.

Ásgeir bendir á að jarðstrengsleiðinni fylgi líka annar kostur. „Með því að fara með strenginn með fram Reykjanesbraut er hægt að bæta öryggi vegarins. Það veitir ekki bara af að klára tvöföldun vegarins, heldur líka að hafa viðunandi öryggi á kaflanum sem búið er að tvöfalda. Þetta myndi sannarlega hjálpa því og það hefur verið staðfest af hálfu Vegagerðarinnar.“

Í tilkynningu frá Landsneti er því fagnað að álit Skipulagsstofnunar sé fram komið þótt jarðstrengjavalkosturinn sé talinn hafa minni umhverfisáhrif en loftlína.

„Í verkefni eins og þessu þarf alltaf að taka tillit til margra ólíkra þátta, svo sem kostnaðar og öryggis, til viðbótar við umhverfisþáttinn,“ er haft eftir Sverri Jan Norðfjörð, framkvæmdastjóra þróunar- og tæknisviðs Landsnets.

Fram undan sé samtal við leyfisveitendur um næstu skref og vænti Landsnet þess að það muni leiða til góðrar niðurstöðu.

Það eru sveitarfélögin sem Suðurnesjalína 2 liggur í gegnum sem veita leyfi fyrir framkvæmdunum. Það eru auk Voga, Hafnarfjörður, Reykjanesbær og Grindavíkurbær. Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur viljað fara jarðstrengsleiðina eins og Vogar.

Ásgeir segist ekki í vafa um að sveitarfélögin geti náð saman í þessu máli þótt Grindavíkurbær hafi ekki gert athugasemdir við valkost Landsnets. „En ég get ekki ímyndað mér að það verði nokkuð vandamál fyrir þessi sveitarfélög að ná samstöðu um þennan valkost og þetta álit,“ segir Ásgeir. **sighvatur@frettabladid.is**




Bæjarstjóri Voga við Vatnsleysuströnd segir það fagnaðarefni að álitið um línuna sé komið fram. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Við búum við skert afhendingaröryggi og það er grundvallaratriði að bæta það.
>
> Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri





Bensínverð hefur lækkað nokkuð það sem af er ári en salan minnkar.

## Mun minna selt af eldsneyti

**SAMGÖNGUR** Eldsneytissala það sem af er apríl á þessu ári er 68 prósentum minni en á sama tíma í fyrra. Samkvæmt tölum Hagstofunnar var eldsneytissala um átta prósentum meiri í ár en í fyrra áður en samkomubann tók gildi í mars síðastliðnum. Eftir samkomubannið dró úr sölu eldsneytis nokkuð stöðugt á milli vikna, en nokkur aukning í sölu mældist í byrjun apríl.

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni hefur umferð á höfuðborgarsvæðinu mælst lítil síðustu vikur samanborið við sama tíma í fyrra. Hefur umferð á Hafnarfjarðarvegi mælst á tímabili meira en 50 prósentum minni en á sama tíma í fyrra.

Fáir erlendir ferðamenn eru hérlendis núna. Dagana fyrir samkomubann fóru rúm níu prósent eldsneytissölu á erlend greiðslukort samkvæmt tölum Hagstofunnar, en um miðjan mánuðinn var hlutur þeirra undir einu prósenti. **– ab**



Smáfólkið í Eyjum á von á góðu.

## Fleiri leikvellir í Vestmannaeyjum

**BÆJARMÁL** Vestmannaeyingar ætla að fjölga leikvöllum í 15 og verða þeir staðsettir þannig að innan við 10 mínútna gangur verður á milli þeirra. Alls verða sjö leikvellir á íbúðasvæðum og átta á opnum svæðum og við stofnanir bæjarins. Þetta kemur fram í fundargerð fjölskyldu- og tómstundaráðs Vestmannaeyja. Áhersla verður lögð á barnvænt umhverfi með góðu og traustu undirlagi, viðhaldsgóðum leiktækjum, snyrtilegu nærumhverfi þar sem verður hugað að lýsingu, gróðri, hellulögn, bekkjum og ruslafötum. **– bb**




ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 534 4433 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep

# Wizar

...fyrir lífsins ljúfu stundir



**Hægindastóllinn sem slegið hefur í gegn og Íslendingar elska!**

360° snúningur | innbyggður fótaskemill
hallanlegt bak | stillanlegur höfuðpúði

Fáanlegir **Wizar** litir

---

**Verð frá**
**199.900** kr.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS



**Enginn veit hvort Kim Jong-Un er lífs eða liðinn.** MYND/ AFP PHOTO

# Misvísandi sögur um Kim Jong-un

**NORÐUR-KÓREA** Óvissan um heilsu og jafnvel líf Kim Jong-Un, leiðtoga Norður-Kóreu, hefur farið stigvaxandi undanfarna daga. Fjölmiðlar um allan heim hafa greint frá því að einræðisherrann sé alvarlega veikur og jafnvel látinn eftir að hann undirgekkst meinta hjartaaðgerð um miðjan mánuðinn.

Ekki hefur sést til leiðtogans opinberlega síðan 12. apríl síðastliðinn. Þá mætti hann ekki í opinbera afmælisveislu afa sins og eilífðarforseta Norður-Kóreu, Kim Il-sung, þann 15. apríl síðastliðinn. Fjarvera leiðtogans vakti talsverða athygli en hann hefur aldrei látið sig vanta í veisluna fyrr.

Auðvelt hefði verið fyrir stjórnvöld í Norður-Kóreu að kveða orðróminn niður með myndbirtingu ef fréttirnar væru byggðar á sandi. Ríkisfjölmiðlar í Norður-Kóreu hafa reyndar birt yfirlýsingu leiðtogans en fæstum þykir hún sannfærandi.

Annað gildir um yfirlýsingu Moon Chung-In, aðstoðarmanns forseta Suður-Kóreu, sem var á þá leið að ekkert benti til annars en að Kim Jong-Un væri við góða heilsu. Sú yfirlýsing jók enn á óvissuna.

Um helgina sendu yfirvöld í Kína teymi sérfræðilækna á vettvang. Hafa sérfræðingar gert því í skóna að það sé ekki síst til þess að safna mikilvægum upplýsingum um stöðu mála. Valdabarátta í Norður-Kóreu gæti leitt til alvarlegra vandamála á svæðinu.

Kim-fjölskyldan hefur stjórnað Norður-Kóreu frá árinu 1948. Talið er að eigi Kim Jong-Un börn séu þau of ung til að taka við valdataumum ríkisins. Talið er líklegt að systir hans, Kim Yo-Jong, sé sú sem myndi taka við stjórn landsins ef núverandi leiðtogi félli frá. – **bþ**

## Ofurhetjur í framlínu



**Hetjudáð heilbrigðisstarfsfólks í COVID-19 faraldrinum er dregin fram í þessu götulistaverki í Helsinki. Alls hafa 4.576 COVID-19 smit greinst í Finnlandi og 190 manns látist af völdum veirunnar. Sanna Marin, forsætisráðherra Finnlands, sinnir starfi sínu heima vegna faraldursins.** MYND/EPA

# Vill lögfesta rétt til fjarvinnu

**ÞÝSKALAND** Hubertus Heil, vinnumálaráðherra Þýskalands, vill láta lögfesta rétt fólks til að vinna heiman frá ef mögulegt er. Sýn Heil er sú að það verði jafnvel eftir að COVID-19 faraldrinum lýkur.

„Allir þeir sem vilja og eru í starfi þar sem það er mögulegt ættu að geta unnið heima,“ sagði Heil í viðtali við þýska dagblaðið Bild am Sonntag. „Faraldurinn er að sýna okkur hversu mikil vinna getur farið fram heima þessa dagana.“

Hlutfall fólks sem vinnur heiman frá í Þýskalandi hefur farið úr 12 prósentum í 25 prósent í faraldrinum. „Við viljum leyfa fólki að vinna heima en ekki neyða það til þess,“ sagði Heil, sem hyggst leggja fram frumvarp um málið nú í haust. Hann bætti við að fólk ætti að geta valið um hvort það vilji vinna alfarið heima eða gera það einn til tvo daga í viku. – **atv**

# Varnarlaus gagnvart hugverkaþjófnaði

**Mynd sem ljósmyndarinn Sunna Ben tók af litlu systur sinni hefur dreifst víða og meðal annars verið notuð í auglýsingar og söluvarning. Hún segir listamenn varnarlausa gagnvart slíkum þjófnaði á höfundarverkum þeirra.**

**SAMFÉLAG** Ljósmyndarinn Sunna Ben varð fyrir þeirri óskemmtilegu reynslu að ljósmynd sem hún tók af yngri systur sinni hefur farið á flug á samfélagsmiðlum og hefur meðal annars verið notuð í auglýsingar og söluvarning erlendis. „Þetta er nokkuð tvíeggjað sverð því þessir miðlar eru mikilvægir til þess að koma verkum sínum á framfæri. Á móti þá eru maður illa varinn fyrir slíkum hugverkaþjófnaði,“ segir Sunna.

Hún segist hafa lent í nokkrum slíkum tilvikum þar sem verk hennar eru notuð í leyfisleysi en að ljósmyndin af systur hennar sé sú sem farið hefur víðast, að því er hún best veit.



**Ljósmyndin af Kötu, litlu systur Sunnu, hefur farið víða** MYND/SUNNA BEN

„Þessi mynd var tekin árið 2012 en þegar systir mín var lítil þá fékk hún nokkuð reglulega blóðnasir. Það var ekkert stórmál og því er hún skælbrosandi með fossandi blóð á myndinni. Það er kannski ekkert sérstaklega algengt í slíkum aðstæðum og því er myndin nokkuð sérstök,“ segir Sunna.

Svo skemmtilega vill til að systir Sunnu hefur sjálf haft frumkvæði að því að finna myndina víða á netinu. „Kata systir mín er miklu klárari á netinu en ég. Hún gerði öfuga myndaleit og fann myndina úti um allt á netinu, sérstaklega í Rússlandi. Þar hefur hún verið prentuð á boli og notuð í auglýsingar sem margar hverjar eru mjög illa unnar,“ segir Sunna.

Um helgina rakst hún síðan á illa unna útgáfu af myndinni á Instagram-síðu hjá íslenskum manni. „Þegar ég hef rekist á myndirnar mínar í birtingu á samfélagsmiðlum og bent fólki á höfundarrétt minn þá fjarlægja flestir myndirnar tafarlaust og biðjast innilegrar afsökunar. Þessi maður brást hins vegar við með því að segjast ekki trúa því að ég hefði tekið myndina,“ segir Sunna.



**Sunna Ben ljósmyndari.**

Upplifunin hafi verið furðuleg en opnað augu hennar fyrir því hvað listamenn eru varnarlausir gagnvart slíku. „Ég áttaði mig á því að það væri ekki hlaupið að því að sanna það að ég hefði tekið myndina,“ segir Sunna. Við tóku nokkuð skrýtin samskipti við manninn sem að endingu tók þó myndina úr birtingu.

Varðandi útbreiðsluna í Rússlandi hyggst Sunna leita ráða hjá Myndstefi en hún segist ekki bjartsýn á að fá eitthvað fyrir sinn snúð. „Ég ákvað því að birta söguna á bak við myndina á Facebooksíðunni minni. Það er mikilvægt að deila slíkum sögum og að allir átti sig á því að á bak við myndir eru myndasmiðir og það er aldrei í lagi að nota myndir án leyfis eða án þess að geta höfundar.“

**bjornth@frettabladid.is**


BREIÐABLIK

# Aðalfundur

**Aðalfundur Breiðabliks verður haldinn fimmtudaginn 14. maí kl. 17:00 í veitingasal félagsins í Smáranum.**

**Dagskrá:**

**Samkvæmt lögum félagsins.**

**Lagabreytingar.**

**Tillögur að lagabreytingum liggja frammi á skrifstofu félagsins til fundardags.**

**Til að fylgja tilmælum um hámarksfjölda varðandi samkomur sem verða í gildi á þessum tíma eru þeir sem ætla að sækja aðalfundinn beðnir um að staðfesta mætingu á fundinn á netfangið halldor@breidablik.is að lágmarki 3 klst fyrir fund þannig að hægt sé að gera viðeigandi ráðstafanir ef þurfa þykir.*

ht.is

18. APRÍL – 3. MAÍ

# HEIMILISTÆKJA DAGAR

SENDUM HEIM UM ALLT LAND!

ÞÚ FINNUR ÖLL TILBOÐIN Á HT.IS



## 20-40% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM STÆRRI HEIMILISTÆKJUM

Heimilistæki

REYKJAVÍK · AKUREYRI · REYKJANESBÆR · SELFOSS · EGILSSTAÐIR · AKRANES

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

# Aukavinna



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Fréttablaðið greindi í liðinni viku frá aukastörfum dómara eins við Landsrétt. Seta hans sem gerðarmaður í deilu fyrir gerðardómi, drjúgan hluta þess tíma sem hann hefur setið sem landsréttardómari, skilaði honum hátt á þriðja tug milljóna króna.

Í viðbrögðum viðmælenda blaðsins kom fram að þekkt væri að dómarar sinntu aukastörfum af ýmsu tagi. En ekki svo umfangsmiklum að endurgjaldið fyrir þau nemi tugum milljóna.

Aukastörf dómara eru óheimil, en fá má undanþágu frá því hjá nefnd um dómarastörf enda liggi fyrir að aukastarfið leiði ekki af sér hættu á að dómarinn geti ekki sinnt embættisstarfi sínu sem skyldi. Þessa heimild fékk dómarinn.

Augljóst er að umfang aukastarfans var umtalsvert úr því það leiddi til tugamilljóna greiðslu. Meðan starfanum var sinnt hefur sennilega verið fremur lítið lið verið að dómaranum í Landsrétti, þó vera kunni að aukaverkin hafi farið fram á kvöldin og um helgar.

Í umfjöllun blaðsins kom fram hjá formanni lögmannafélagsins að félagið hafi gagnrýnt að dómarar taki að sér aukastörf gegn gjaldi. Aukin merki sjáist um að dómarar taki að sér aukastörf fyrir löggjafar- og framkvæmdarvald. Sú þróun sé varhugaverð í ljósi sjálfstæðis dómstóla.

Þó það kunni að þykja langsótt má einnig rökstyðja að þetta varði regluna um þrígreiningu ríkisvalds, sem stjórnskipanin hvílir á.

Landsréttardómarinn er ekki einhver maður út í bæ. Hann situr í áfrýjunardómstóli þar sem flest mál, sem á annað borð eru tæk til áfrýjunar, eru endanlega til lykta leidd. Að auki er hann varaforseti réttarins.

Í dómstólalögum er ákvæði um hæfi dómara. Þar eru tilteknar þær hæfiskröfur sem gerðar eru til dómara við Landsrétt. Þar á meðal segir að þann einn megi skipa dómara við Landsrétt, sem ekki hafi sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta.

Til samanburðar er við lagadeildir háskóla hérlendis gjarna tekið dæmi af máli þar sem dómari við Hæstarétt hafði sem handhafi forsetavalds, í fjarveru forseta Íslands, keypt áfengi á niðursettu verði. Fyrir lá í málinu að engar reglur höfðu verið brotnar, en slíkt óhóf þótti í áfengiskaupum dómarans að hann taldist hafa rýrt álit sitt svo siðferðislega, að hann gæti ekki lengur gegnt dómaraembætti.

Nú er því ekki haldið fram að þessu máli megi jafna við mál landsréttardómarans, en það sýnir að jafnvel þótt reglum sé fylgt getur óhóf sett mál úr skorðum.

Dómarar eru ágætlega launaðir menn og búa að auki við meira starfsöryggi en flestir aðrir. Allt miðar það að því að þeir þurfi ekki að leita sér auka viðurværis. Vera kann að þörf sé á þeirra sjónarmiðum eða aðstoð við samningu laga, kennslurita eða kennslustörf í lagadeildum. Það er ágætt, enda sé verkefnunum stillt í hóf.

Alveg óvíst er að nokkurt framhald verði á þessu máli landsréttardómarans, en það er brýnt að skýra línur almennt um aukastörf dómara sem miði nákvæmlega að því, að dómarastörf verði aðalatvinna þeirra, ekki aukavinna.

**Dómarar eru ágætlega launaðir menn og búa að auki við meira starfsöryggi en flestir aðrir.**


## Hornsófi Chicago

2 horn 3, hægt að panta sem tungusófa, U sófa eða bara eins og hentar.



**Komið og skoðið úrvalið**

NÝFORM HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is


## Halldór




## Frá degi til dags

**Úr sýningu**

**Nú líður að því að einn vinsælasti sjónvarpsþáttur sögunnar hætti göngu sinni. Nei, það er ekki Law & order eða Bráðavaktin. Það er upplýsingafundur almannavarna sem sýndur er í beinni daglega. Reyndar er ekki vitað til að þessi ákvörðun hafi verið tekin, en það blasir við að þegar handritið er orðið þunnt og mikið um endurtekningar er sjálfhætt. Tilvalið væri að miða við að þátturinn verði tekinn af dagskrá eftir að sá sextugasti hefur verið sýndur. Til að milda fráhvarfseinkenni þeirra sem fylgjast með þessum þáttum, mætti endursýna valda þætti eða klippa saman bestu kaflana og sýna að næturlagi. Þegar upp verður staðið verða allir lifandi fegnir að sýningum verði hætt. Persónur og leikendur þar á meðal.**

**Burt með bíla**

**Í blíðunni undanfarið hefur verið mikil umferð á göngustígum borgarinnar. Við sjávarsíðuna og upp Fossvogsdal hefur verið örtröð gangandi, hjólandi og hlaupandi fólks. Nú ætlar borgarstjóri að íhuga að loka götum svo fólk geti gengið víðar en á göngustígum og passað tveggja metra regluna um leið. Verður munur að geta gengið Breiðholtsbrautina eða Kringlumýrarbrautina í stað þess að þurfa að þræða mjóa göngustíga. Að ekki sé minnst á Miklubraut og Sæbraut. Þá verður hægt að ganga um frjálslega og hafa svo langt á milli að ekki þurfi að heilsa nokkrum manni.**

# Sjókvíar halda ekki fiski



Jón Helgi Björnsson
formaður stjórnar Landssambands veiðifélaga

Fyrir fáeinum dögum birtist frétt á vef Matvælastofnunar (MAST) um að stofnuninni hefði borist tilkynning frá Arnarlaxi um gat á netapoka sjókvíar í Patreksfirði. Var þetta í fjórða skiptið frá áramótum sem MAST upplýsti um að rifin net hefðu uppgötvast í sjókvíaeldi við landið en eins og allir vita synda fiskar út um göt þegar þau myndast.

Í þetta skiptið var sleppislysið úr sjókví sem innihélt um 100.000 sjö kílóa, frjóa eldislaxa af norskum stofni. Einmitt af þeirri stærð sem getur orðið náttúrunni hvað skeinuhættust. Fyrr í apríl hafði verið sagt frá gati á sjókví með 90.000 stykki af átta kílóa norskum eldislaxi, í mars var tilkynnt um þrjú göt á sjókví með regnbogasilungi í Ísafjarðardjúpi og í febrúar um gat á laxeldiskví í Dýrafirði með 170.000 stykki af 2,5 kílóa norska laxinum. Auðvitað veit enginn hversu margir fiskar hafa sloppið í öllum þessum tilvikum.

Augljóst er einnig að þegar um um 150.000 (800 tonn) eldislaxar drápust í Arnarfirði í vetur vegna óveðurs og þrengsla í sjókvíunum var veruleg hætta á að mikið magn þeirra slyppi. Þekkt er, þegar svona mikil dauði er, að kvíarnar hreinlega sökkvi eða netin rifni. Í Færeyjum sluppu yfir 200.000 laxar vegna óveðurs og svipaðra aðstæðna um mánaðamótin febrúar og mars.

Með öll þessi slys á borðinu er sorglegt að nýtt áhættumat fyrir erfðablöndun eldislaxa við villta laxastofna hafi verið knúið fram af sjávarútvegsráðherra og Alþingi. Áhættumat sem byggt er á ónógri reynslu af rekstri þessara fyrirtækja en þekktum skaðlegum afleiðingum fyrir náttúruna. Enn sorglegra er að það skuli hafa verið opnað fyrir eldi í Ísafjarðardjúpi með þeirri ógn sem það hefur fyrir árnar þar og laxveiðiárnar, sérstaklega í Húnavatnssýslum.

Slysin munu halda áfram að eiga sér stað þrátt fyrir fögur fyrirheit um annað. Það er vitað að þessar sjókvíar halda ekki fiski. Ef fyrirætlanir stjórnvalda um að stórauka laxeldi hér á landi og hleypa því inn í Ísafjarðardjúp verða að veruleika mun það hafa hörmulegar afleiðingar í för með sér fyrir villta íslenska laxastofna.

**Slysin munu halda áfram að eiga sér stað þrátt fyrir fögur fyrirheit um annað.**

FRÉTTABLAÐIÐ ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir RITSTJÓRI: Jón Þórisson jon@frettabladid.is, FRÉTTASTJÓRAR: Ari Brynjólfsson arib@frettabladid.is, Garðar Örn Úlfarsson gar@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Kristjón Kormákur Guðjónsson kristjon@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir bjork@frettabladid.is MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Í tilefni greinar kínverska sendiherrans



Þorgeir Eyjólfsson
eftirlaunaþegi



Hrafn Magnússon
eftirlaunaþegi



Í Fréttablaðinu 15. apríl sl. birtist grein kínverska sendiherrans á Íslandi þar sem hann fjallar um COVID-19 faraldurinn og aðstoð sendiráðsins við íslensk heilbrigðisyfirvöld við innkaup á hjúkrunar- og lækningavörum frá Kína sem ber að þakka. Við lestur greinarinnar vakti eftirfarandi setning athygli greinarhöfunda: „Síðan faraldurinn hófst hefur Kína brugðist við með opnum og ábyrgum hætti með því að deila gagnlegum upplýsingum, þekkingu og reynslu með umheiminum.“ Teljum við ástæðu til að rekja framkomnar upplýsingar um fyrstu skref faraldursins af þessu tilefni.

Samkvæmt grein í Lancet, sem er virt læknisfræðitímarit, varð fyrstu einkenna sjúkdómsins vart þann 1. desember hjá karlmanni með tengsl við Huanan (Suður-Kína) Seafood Market í Wuhan en hann fór að finna fyrir einkennum sem líktust lungnabólgu. Uppruni veirunnar var síðan talinn á þessum markaði en nýlega hafa komið fram vísbendingar um að veiran kunni að hafa borist frá tilraunastofu í veirufræði í Wuhan. (Wuhan Institute of Virology lab.) Fyrsta vísbending um að sjúkdómurinn smitaðist á milli manna kom fimm dögum síðar þegar eiginkona mannsins fór að finna fyrir lungnabólgueinkennum og var lögð inn á spítala og einangruð. Þannig er ljóst að strax í annarri viku desember voru læknarnir í Wuhan að finna tilvik sem bentu til smits manna á milli.

Upp úr miðjum desember verða læknar í Wuhan varir við nokkurn fjölda lungnabólgutilvika af ókunnum uppruna og á aðfangadag sendir yfirlæknir öndunarfæradeildar, prófessor Zhao Su við Wuhan Central Hospital, sýni úr sjúklingi til greiningar á tilraunastofu utan spítalans, Guangzhou Weiyuan Gene Technology Co. Á jóladag vaknar grunur um að heilbrigðisstarfsmenn tveggja spítala í Wuhan hafi víruslungnabólgu og voru þeir settir í einangrun. Þarna eru komnar fram sterkar vísbendingar um að sjúkdómurinn smitist manna á milli. Samkvæmt Dr. Zhang Jixian, yfirmanni öndunarfæradeildar Xinhua spítalans, greindi hún 26. desember fjóra sjúklinga með lungnabólgu af óþekktum orsökum.

Tekið var á móti nokkrum sjúklingum á Xinhua spítalanum 28. og 29. desember með einkenni víruslungnabólgu. Sérfræðingar á spítalanum voru sammála um að einkenni sjúklinganna hafi verið mjög óvenjuleg. Aðstoðarforstjóri spítalans, Xia Wenguang, tilkynnti þá heilbrigðisyfirvöldum um sjúkdóminn.

Á gamlársdag verður þess vart í háskólanum í Toronto að kínversk stjórnvöld séu byrjuð að ritskoða leitarorð á samfélagsmiðlum sem vísuðu til sjúkdómsins eða önnur lykilorð sem vísuðu með gagnrýnum hætti til meðhöndlunar stjórnvalda á sjúkdómnum. Sama dag greindu heilbrigðisyfirvöld í Wuhan, með tilkynningu til almennings, í fyrsta sinn frá lungnabólgu, segja 27 tilvik víruslungnabólgu hafa greinst í Wuhan og að rannsóknir hafi ekki enn sem komið er leitt í ljós að sjúkdómurinn smitist manna á millum og að heilbrigðisstarfsmenn hefðu ekki sýkst. Þessar staðhæfingar voru ekki í samræmi við vitneskju lækna sem meðhöndlað höfðu sjúklinga í Wuhan og tveggja lækna sem talið var að hefðu smitast af veirunni.

**Lesendum blaðsins er eftirlátið að draga ályktanir af ofangreindri atburðarás og að hversu miklu leyti hún styður frásögn kínverska sendiherrans um að Kína hafi brugðist við með opnum og ábyrgum hætti líkt og sagði í grein hans.**

Á gamlársdag, þegar almenningur í Wuhan og þjóðir heims höfðu takmarkaða hugmynd um alvarleika sjúkdómsins og að um hugsanlegan faraldur gæti verið að ræða, hóf Taiwan aðgerðir til að takmarka ferðir fólks til landsins með tilliti til sjúkdómavarna. Í dag vitum við að Taiwan er í hópi þeirra landa þar sem hvað minnstur mannlegur skaði varð af COVID-19 veirunni.

Á nýársdag var markaðinum í Wuhan lokað. Sama dag var Dr. Li Wenliang, sem var í hópi lækna sem vöruðu við útbreiðslu veirunnar á samfélagsmiðlum undir lok desember, kallaður til yfirheyrslu í Wuhan þar sem hann var borinn sökum um að hafa dreift sögusögnum. Sjö aðrir voru handteknir af sömu ástæðum og Dr. Li og eru afdrif þeirra einstaklinga ekki þekkt. Nokkrar greiningar höfðu þá verið framkvæmdar á rannsóknarstofum sem staðfestu tilvist veirunnar. Vitað er um smit 15 heilbrigðisstarfsmanna á fyrstu dögum ársins og því er ljóst að yfirvöldum var vel kunnugt að sjúkdómurinn smitaðist manna á milli.

Hinn 3. janúar 2020 gáfu yfirmenn heilbrigðisyfirvalda út þagnartilskipun (gag order) ásamt fyrirmælum um að öll lungnabólgusýni af sýnatökustöðum skyldu fjarlægð eða eyðilögð. Þann 5. janúar greindi WHO (Alþjóðaheilbrigðisstofnunin) í yfirlýsingu frá því að stofnuninni hafi verið greint á gamlársdag frá lungnabólgutilvikum af óþekktum uppruna í Wuhan borg. Þennan dag byrjuðu sjúklingar með einkenni veirusjúkdómsins að leita í hópum til spítala í Wuhan sem leiddi til ófremdarástands nokkrum dögum síðar. Það var ekki fyrr en 8. janúar að kínversk heilbrigðisyfirvöld staðfestu að nýtt afbrigði kórónaveirunnar valdi sjúkdómnum. Yfirvöld héldu hins vegar uppteknum hætti og endurtóku að engar sannanir væru til staðar um að vírusinn smitaðist á milli manna sem myndu gera hann hættulegan og ekki hefði verið hægt að tengja hann dauðsföllum.

Reuter fréttastofan hafði 14. janúar eftir yfirmanni hjá WHO að hugsanlegt væri að takmarkað smit milli manna geti átt sér stað, ef til vill innan fjölskyldna, en það sé alveg ljóst að ekki sé um viðvarandi smit að ræða milli manna. WHO sendi frá sér orðsendingu á Twitter þar sem greint var frá því að kínversk yfirvöld hefðu í athugunum ekki fundið neinar sannanir fyrir smiti kórónaveirunnar á milli manna. Það var svo 21. janúar eftir tveggja daga vettvangsathugun fulltrúa WHO í Wuhan að greint var frá niðurstöðum hópsins sem bentu til smits á milli manna í borginni. Hinn 23. janúar lokuðu kínversk yfirvöld Wuhan en þá höfðu fimm milljónir íbúa yfirgefið borgina vikurnar á undan.

Af ofangreindu má ráða að fyrir áramót og á fyrstu dögum nýs árs lágu fyrir upplýsingar af rannsóknarstofum um sjúkdóm af völdum kórónaveiru sem leiðir til illvígrar lungnabólgu sem smitast manna á milli. Engu að síður ákveða Kínverjar að upplýsa ekki um staðreyndir fyrr en 21. janúar.

Lesendum blaðsins er eftirlátið að draga ályktanir af ofangreindri atburðarás og að hversu miklu leyti hún styður frásögn kínverska sendiherrans um að Kína hafi brugðist við með opnum og ábyrgum hætti líkt og sagði í grein hans. Trúverðugleika talna í upplýsingagjöf kínverskra stjórnvalda má efast um. Hvernig stenst tala um 4.632 látna 25. apríl af völdum veirunnar í landi 1.400 milljón manna þegar fyrir liggja tölur á sama tíma um 26.384 látna á Ítalíu sem er 60 milljón manna þjóð eða tölur um 22.902 látna á Spáni sem er 47 milljón manna þjóð? Dæmi hver fyrir sig.



# Hefur náð eftirtektarverðum árangri

**Gunnhildur Árnadóttir, hjúkrunar-og lýðheilsufræðingur, hefur leitt smitvarnateymi í þeim borgarhluta Óslóar sem jafnan hefur mælst með lægstu tölur yfir kórónaveirusmit. Hún segir reynslu sína af baráttu við ebólufaraldur í Afríku hafa komið sér að gagni.**

Listarnir yfir fólk sem við höfum hringt í, í einangrun og sóttkvíum, hafa stundum verið langir en þeir styttast með hverjum degi. Fólk hefur lært og haldið sig heima,“ segir Gunnhildur Árnadóttir, hjúkrunar- og lýðheilsufræðingur, um starf smitrakningarteymis sem hún stýrir í St. Hanshaugen, einum af fimmtán borgarhlutum Óslóar. Góður árangur af vinnu þess hóps hefur vakið athygli og viðtöl birst við Gunnhildi í blöðum borgarinnar.

Nú er verið að opna leikskólana í Ósló á ný og Gunnhildur segir fólk túlka það sem frelsismerki. „Ég er farin að sjá hópa í pikknikk að njóta sólarinnar og vorsins sem allt í einu brast á, og býst við fjölgun smita aftur en við erum búin undir það.“

Í borgarhlutanum sem Gunnhildur og hennar teymi heldur utan um eru um 38.000 íbúar. „Við höfum allan tímann verið með lægstu tölur yfir smit. Hvort það er heppni eða samsetningu íbúahópsins að þakka skal ég ekki um segja en ég vil trúa því að við höfum eitthvað gert rétt til að ná þessari niðurstöðu, þó ég ætli ekki vera með yfirlýsingar um það.“

### Samtölin mikilvæg

Teymið hennar Gunnhildar fylgir öllum reglum og ráðleggingum sem lýðheilsustöðin gefur út. „Við ákváðum strax að hringja daglega í alla sem voru í sóttkví og einangrun til að halda þeim við efnið,“ lýsir hún. „Nú fá allir sem fara í sóttkví símtal frá okkur í byrjun með upplýsingum, meðal annars um símanúmer okkar og áfram hringjum við daglega í alla sem eru í einangrun.“

Símtölin voru meðal þess sem lýðheilsustöðin ráðlagði en vegna manneklu og óreiðu sem skapaðist í upphafi sáu ekki öll teymi sér fært að sinna þeim, enda ekki um reglugerð að ræða, að sögn Gunnhildar. „Í okkar teymi mátum við það svo að samtölin væru mikilvæg og ýttu undir að fólk hlýddi fyrirmælunum og væri heima.“

Tvö kerfi eru í gildi í Ósló kring um sýnatökur, að sögn Gunnhildar. Annað er svokallaður kórónasími, þar getur fólk beðið um próf og í framhaldinu ekið að sjúkrahúsi í borginni og látið taka prufu, án þess að stíga úr bílnum. Hitt byggist á göngudeildum í hverjum borgarhluta. Þangað getur fólk með flensueinkenni leitað, hitt lækni og fengið prufu tekna. „Hvar sem prófið er tekið fara öll jákvæð svör inn í tölvukerfi sem við höfum aðgang að,“ segir hún. „Þá er á okkar ábyrgð að hafa samband við íbúa okkar hverfis sem eru á listanum, láta þá vita af niðurstöðu prófsins, heyra hverjum þeir hafa það og fá nöfn allra sem þeir höfðu náin samskipti við sólarhring áður en þeir fengu einkennin. Með nánum samskiptum er átt við handaband, faðmlag eða minna en tveggja metra nánd í meira en kortér. Svo höfum við samband við fólkið sem þeir umgengust og stundum hefur það verið margt, heil handboltalið og bekkir í skólum.“

### Hellti svitanum úr stígvélunum

Gunnhildur var við hjúkrunarstörf í Vestur-Afríku á tímum ebólunnar og segir reynsluna þaðan hafa nýst henni vel í þessari vinnu. „Ég var í Gíneu og Síerra Leóne með Læknum án landamæra árið 2014 þegar ebólan geisaði og þá voru sömu lögmál sem giltu og nú. Fólk að vinna í hópum með eitthvað óþekkt sem breiðist hratt út en hlutirnir slípast dag frá degi. Maður hefur ekki allt í hendi sér en þarf að vera úrræðagóður, treysta á innsæi og geta snúið sér á punktinum til að gera eitthvað nýtt. Ég hef líka unnið í flóttamannabúðum með Rauða krossinum þar sem upp kom mislingafaraldur og þar varð að grípa til aðgerða einn tveir og bingó. Nú höfum við verið að vinna í svipuðu ástandi og þeir eiginleikar sem maður þjálfar með sér við vinnu á erfiðum vettvangi eru ómetanlegir.“

Ebólufaraldurinn var minna smitandi en COVID-19, en að vissu leyti svipaður, að sögn Gunnhildar. „Báðir sjúkdómarnir hafa langan meðgöngutíma, ebólan þó enn lengri en dánartíðnin í henni er 67% og því var auðveldara að fá fólk til að taka sjúkdóminn alvarlega og forðast hann. Sjúkrahúsin voru í tjöldum, 40 stiga hiti úti og hitinn óbærilegur inni í múnderingunni sem maður var í. Ég gat hellt svitanum úr stígvélunum þegar vinnudagurinn var búinn. Ebólan var næstum tvö ár í þessum löndum en barst ekki út fyrir þau, landamærin voru alveg lokuð. Ástandið varð hræðilegt fyrir fjárhag ríkjanna og velferðarkerfið ekki beysið.“

Hefur hún ekki áhyggjur af íbúum Afríku nú þegar COVID-19 er kominn þangað? „Jú, en að vissu leyti eru afrísk ríki vanari að grípa til aðgerða gagnvart faröldrum en mörg önnur. Þar eru víða kerfi sem hægt er að setja í gang þó ekki sé kostur á hátæknimeðferðum.“



„Í kjölfar hrunsins heima var dregið svo svakalega úr mönnun á Landspítalanum að mér ofbauð ástandið þar, eins og mörgum öðrum. Þá fór ég út,“ segir Gunnhildur. MYNDIR/AÐSENDAR

**Við höfum allan tímann verið með lægstu tölur yfir smit. Hvort það er heppni eða samsetningu íbúahópsins að þakka skal ég ekki um segja en ég vil trúa því að við höfum eitthvað gert rétt til að ná þessari niðurstöðu.**



Gunnhildur í múnderingu á ebólusvæði, þar sem lofthitinn var 40 stig og hún að vinna í tjaldi.

